

**Ed.**

## **110. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 35 1. febrúar 1936, um viðauka við lög nr. 78 19. júní 1933, um kreppulánasjóð.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

### **1. gr.**

1. gr. laga nr. 35 1. febrúar 1936 verði svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að stjórn kreppulánasjóðs gefi út handhafaskuldabréf að upphæð allt að 1½ milljón kr., og teljast þau til skuldabréfaflokks þess, er í 8. gr. segir, sem þannig má verða allt að 3 milljónum kr. að upphæð.

Trygging fyrir skuldabréfum þessum er sú sama og segir í 8. gr.

Skuldabréfum þessum má verja til lánveitinga handa hreppsfélögum landsins og fyrirtækjum þeirra, öðrum en atvinnufyrirtækjum, til þess að ná hagkvæmum samningum um skuldir hreppsfélaga, sem eru stofnaðar fyrir 1. janúar 1936, þar með taldar fátækraskuldir milli sveitarfélaga og skuldir við sjúkrahús og heilsuhæli. Bréfin skulu vera gildur gjaldeyrir með nafnverði gagnvart innlendum lánardrottnum eða skuldareigendum til greiðslu hverrar þeirrar skuldar, sem eldri er og ekki tryggð með fasteignarveði, handveði eða ríkisábyrgð. Sama gildir um greiðslu víxla, sem gefnir hafa verið út eftir 1. janúar 1936, ef skuldin hefir upphaflega verið stofnuð fyrir þann tíma. Til greiðslu skulda, eldri en frá 1. janúar 1933, eru bréf þessi fullgildur gjaldeyrir á sama hátt og skuldabréf, sem gefin eru út samkvæmt lögum nr. 78 19. júní 1933.

Um gerð og fjárhæð skuldabréfa þeirra, sem ræðir um í þessari grein, gilda ákvæði 8. gr.

### **2. gr.**

Ríkisstjórninni heimilast að fela stjórn kreppulánasjóðs að nota það, sem eftir er af skuldabréfum kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga, til skuldaskila þeirra sveitarfélaga, er leitast hafa fyrir um skuldaskil úr sjóðnum síðan hann lauk starfsemi sinni, og þeim öðrum sveitarfélögum, er umsóknir kunna að senda fyrir 1. september 1937. Það fé, sem afgangur kann að verða, er framangreindum skuldaskilum er lokið, má lána þeim bæjarfélögum, sem á síðastliðnu ári fengu eigi fullnægjandi afgreiðslu hjá sjóðnum.

Meðan lánveitingar þessar fara fram skal stjórn sjóðsins skipuð eins og segir í 1. mgr. 15. gr. l. nr. 35 1936, og skal þeim lokið eigi síðar en 1. jan. 1938.

### **3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.